

Þriðjudaginn 17. október 1978.

Nr. 149/1977. **Jósafat Arngrímsson**

(sjálfur)

gegn

Jóni Gunnari Zoëga

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. septem-ber 1977. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og máls-kostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-kostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur stefndi lýst yfir, að hann reisi kröf-ur sínar á hendur áfrýjanda eingöngu á því, að hann hafi vegna einkafyrirtækis síns Verslunarinnar Hafnargötu 31 samþykkt víxla þá, sem málið fjallar um.

Staðhæfing áfrýjanda um, að fölsuð hafi verið nafnritun hans sem samþykkjanda á framangreinda víxla, er ósönnuð. Aðrar varnir, sem hafðar verði uppi í víxilmáli samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936, hafa ekki komið fram af hendi áfrýjanda. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 250.000 krónur.

Það athugast, að í endurriti úr bæjarþingsbók Keflavíkur af þinghaldi 30. júní 1976 segir, að lagðir hafi verið fram tveir víxlar, en eigi þrír, eins og gögn málsins sýna. Víxlarnir eru allir þingmerktir með sama þingskjalsnúmeri, en rétt var, að hver víxill hefði verið auðkenndur sem sérstakt þing-skjal.

Frágangi dómsgerða er ábótavant.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður nema um málskostnað.

Áfrýjandi, Jósafat Arngrímsson, greiði stefnda, Jóni Gunnari Zoëga, 250.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 3. júní 1977.

Mál þetta, sem þingfest var 30. júní 1976 og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi þann 31. maí 1977, hefur Jón Gunnar Zoëga héraðsdómslögmaður, Reykjavík, höfðað fyrir dómnum með stefnu, birtri 21. júní 1976, gegn Jósafat Arngrímssyni, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, persónulega og fyrir hönd Verslunarinnar Hafnargötu 31, Keflavík, en hann er einkaeigandi þess fyrirtækis, til greiðslu skuldar samkvæmt þremur víxlum að fjárhæð samtals kr. 920.000 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 29. apríl 1976 til greiðsludags, kr. 3.000 í stimpil-kostnað og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Skuld þessa kveður stefnandi vera skv. þrem víxlum:

1. Víxill að fjárhæð kr. 360.000, útgefinn 23. mars 1976 af stefnda, Jósafat Arngrímssyni, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, og framseldur af honum til greiðslu í Verzlunarbanka Íslands h/f, Keflavík, með gjalddaga 23. apríl 1976. Samþykkjandi víxilsins er Jósafat Arngrímsson fyrir hönd Verslunarinnar Hafnargötu 31, Keflavík.
2. Víxill að fjárhæð kr. 280.000, útgefinn 23. mars 1976 af Plasterð Suðurnesja og framseldur af henni til greiðslu í Verzlunarbanka Íslands h/f, Keflavík, með gjalddaga 24. apríl 1976, en samþykkjandi víxilsins er stefndi, Jósafat Arngrímsson, fyrir hönd Verslunarinnar Hafnargötu 31, Keflavík.
3. Víxill að fjárhæð kr. 280.000, útgefinn 23. mars 1976 af Plasterð Suðurnesja og framseldur af henni, með gjalddaga 29. apríl 1976. Víxillinn átti að greiðast í Verzlunarbanka Íslands h/f, Keflavík, og er samþykkjandi víxilsins stefndi, Jósafat Arngrímsson, fyrir hönd Verslunarinnar Hafnargötu 31, Keflavík.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Hefur stefndi uppi þá varnarástæðu um efni máls, að undirskriftir hans sem samþykkjanda fyrir hönd Verslunarinnar Hafnargötu 31, Keflavík, séu falsaðar á umstefndum víxlum, sbr. c lið 1. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936.

Með bréfi, dagsettu 7. júlí 1976, kærði stefndi í máli þessu til rannsóknarlögreglunnar í Keflavík yfir því, að umræddar undirskriftir hans sem samþykkjanda fyrir hönd Verslunarinnar Hafnargötu 31, Keflavík, væru falsaðar á víxlum þeim, er um ræðir í máli þessu.

Við opinbera rannsókn málsins var m. a. leitað til Maríu Bergmann rithandarsérfræðings. Í álitserð, dagsettri 23. ágúst 1976, kemst hún að þeirri niðurstöðu, að ritun sannaðra rithandarsýnishorna og ritun nafnsins Jósafat Arngrímsson, þar sem það er ritað sem samþykkjandi umræddra víxla, hafi verið gerð af sömu persónu.

Með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 6. apríl 1977, til bæjarfógetans í Keflavík var tilkynnt, að eigi væri af hálfu ákærvaldsins krafist frekari aðgerða í málinu.

Samkvæmt framanrituðu og með hliðsjón af 154. gr. laga nr. 85/1936 telur dómurinn, að sönnur hafi ekki fengist fyrir því, að undirskriftir samþykkjanda á umræddum þrem víxlum séu falsaðar.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda stefnufjárhæðir með vöxtum eins og krafist er.

Eftir þessum málalokum verður stefndi einnig dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 180.000.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jósafat Arngrímsson, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, persónulega og fyrir hönd Verslunarinnar Hafnargötu 31, Keflavík, greiði stefnanda, Jóni Gunnari Zoëga héraðsdómslögmanni, Reykjavík (starfsstofa Garðastræti 3), kr. 923.000 ásamt 2% dráttarvöxtum af kr. 920.000 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 29. apríl 1976 til greiðsludags og kr.

180.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 17. október 1978.

Nr. 150/1977. **Jósafat Arngrímsson**

(sjálfur)

gegn

Jóni Gunnari Zoëga

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Vixilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. septem-ber 1976. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og máls-
kostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-
kostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur stefndi lýst yfir því, að hann reisi kröfur sínar á hendur áfrýjanda eingöngu á því, að hann hafi vegna einkafyrirtækis síns Verslunarinnar Hafnargötu 31 samþykkt víxla þá, sem um er fjallað í máli þessu.

Staðhæfing áfrýjanda um, að fölsuð hafi verið nafnritun hans sem samþykkjanda á fyrrgreinda víxla, er ósönnuð. Aðrar varnir, sem hafðar verði uppi í vixilmáli samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936, hafa ekki komið fram af hálfu áfrýj-
anda. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 220.000 krónur.

Það athugast, að víxlar þeir, sem út af er stefnt, eru báðir þingsmerktir með sama þingskjalsnúmeri, en rétt var að auð-